



FVSA

FÉLAG VERSLUNAR -
OG SKRIFSTOFUFÓLKs
AKUREYRI OG NÁGRENNI

ÁRSSKÝRSLA



2021-2022

FÉLAG VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS AKUREYRI OG NÁGRENNI

ÁRSSKÝRSLA STJÓRNAR OG REIKNINGAR FÉLAGSINS

AÐALFUNDUR MÁNUDAGINN 28. FEBRÚAR 2022

DAGSKRÁ

1. Fundarsetning
2. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár
3. Reikningar félagsins fyrir 2021
4. Stjórnarkjöri lýst
5. Kosningar
6. Framlag í vinnudeilusjóð
7. Lagabreytingar
8. Fjárfestingarstefna FVSA 2022
9. Laun stjórnar, trúnaðarráðs og stjórnar sjúkrasjóðs
10. Önnur mál

EFNISYFIRLIT

ÁRSSKÝRSLA	6
ÞING OG ÁRSFUNDIR 2021.....	8
ORLOFSHÚS OG ORLOFSMÁL	9
STARFSMENNTASJÓÐUR	10
SJÚKRASJÓÐUR	10
ÞJÓNUSTA	10
ÖNNUR VERKEFNI.....	11
MARKAÐSMÁL.....	12
ÁRSREIKNINGUR 2021.....	13

ÁRSSKÝRSLA

STARFSSVÆÐI FÉLAGSINS

Undir þjónustusvæði Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni flokkast Akureyri, Dalvíkurbyggð, Fjallabyggð og allir hreppar Eyjafjarðarsýslu ásamt Svalbarðsstrandar- og Grýtubakkahrepp í Suður-Þingeyjarsýslu

Félagið er aðili að Alpýðusambandi Norðurlands, Landssambandi íslenskra verslunarmanna og Alpýðusambandi Íslands. Heimili þess og varnarþing er á Akureyri. Félagsgjald FVSA er 1% af öllum launum.

FÉLAGATAL OG ATVINNULEYSI

Félagsmenn eru samtals 2.470, þar af eru 381 lífeyrisþegar. Konur eru 60% af félagsmönnum. Að meðaltali greiddu 133 félagsgjöld af atvinnuleysisbótum, flestir í febrúar (204) en fæstir í nóvember (64).

Helstu styrkir úr félagssjóði

Jólaaðstoð - 500.000 kr.

Aðrir styrkir - 16.000 kr.

STJÓRNIR OG NEFNDIR

Uppstillingarnefnd 2021-2022

Helgi Sveinbjörn Jóhannsson
Anna Kristín Árnadóttir
Agnes Harpa Jósavinsdóttir

Félagslegir skoðunarmenn 2021-2022

AÐALMENN

Einar Hjartarson
Sigurjóna Þórdís Ingvadóttir

VARAMENN

Guðmundur L Helgason
Steinunn Hulda Marteinsdóttir

Kjörstjórn 2021-2022

Helgi Sveinbjörn Jóhannsson
Helga Eymundsdóttir

VARAMENN

Jónas Þór Sveinsson
Eydis Bjarnadóttir

Fulltrúar frá félaginu í stjórn

Eiður Stefánsson í stjórn LÍV, miðstjórn ASÍ, stjórn SVS.
Helgi Sveinbjörn Jóhannsson í stjórn orlofsbyggðar á Illugastöðum. Halldór Óli Kjartansson í stjórn Símeys.
Anna Kristín Árnadóttir varamaður í LÍV. Eydis Bjarnadóttir varamaður í stjórn Fjölsmiðjunnar.
Hulda Björnsdóttir í stjórn ASÍ-UNG, varamaður í miðstjórn ASÍ og LÍV.

Stjórn FVSA 2021 - 2022

Eiður Stefánsson - Formaður
Anna María Elíasdóttir - Varaformaður
Anna Kristín Árnadóttir - Ritari
Jón Grétar Rögnvaldsson - Meðstjórnandi
Halldór Óli Kjartansson - Gjaldkeri

VARAMENN

Agnes Reykdal
Hulda Björnsdóttir
Stefán Jónsson

Ritnefnd um ritun sögu félagsins

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir
Páll H. Jónsson
Kristín Þorgilsdóttir
Erla Halls
Bragi V. Bergmann er faglegur ráðgjafi ritnefndar

KJARAMÁL

Kjarasamningar félagsins losna 1. nóvember árið 2022 og hefur félagið þegar hafið undirbúning að næstu kröfugerð. Formaður ásamt starfsmönnum félagsins hafa síðan í október fundað með starfsfólki VR þar sem rýnt var í texta kjarasamnings, sú vinna var kynnt samningsnefnd FVSA á fundi 2. febrúar. Þar var líka farið yfir skoðanakönnun sem Gallup framkvæmir fyrir félagið. Tilgangurinn með könnuninni er að kanna hug félagsmanna til félagsins og áherslur félagsmanna varðandi komandi kröfugerð.

FUNDIR STJÓRNAR FVSA

Alls voru haldnir tólf fundir í stjórn FVSA, fundargerðir má nálgast á heimasíðu félagsins.

Sjúkrasjóður

Stjórnin hélt fimm fundi á starfsárinu. Í stjórn eru:

Eiður Stefánsson
Svanfríður Sigurðardóttir
Hafðís Pálsdóttir
Katrín Guðrún Pálsdóttir
Margrét Brynjólfssdóttir

TIL VARA

Kristín Þorgilsdóttir
Þórdís Bjarnadóttir
Signý Sigurðardóttir

TRÚNAÐARRÁÐ OG TRÚNAÐARMENN

Í trúnaðarráði sitja stjórnarmenn og varamenn í stjórn félagsins auk 13 fullgildra félagsmanna. Fimm þeirra skulu kosnir eftir sömu reglum og til sama tíma og stjórn ásamt fimm varamönnum. Átta félagsmenn og fjórir til vara sem trúnaðarmenn félagsins kjósa árlega úr sínum hópi. Fjórir fundir voru haldnir í trúnaðarráði FVSA en fundargerðir má sjá á heimasíðu félagsins.

Aðalmenn og varamenn í trúnaðarráði 2021 /2022 Trúnaðarráð til eins árs valið af trúnaðarmönnum

Anna Hafðís Jóhannesdóttir - Kjörbúðin Dalvík
Anna Petra L. Torbjörnsdóttir - Rúmfatalagerinn

Erla Bjarnadóttir - Höldur hf
Gestur Gunnar Björnsson - N1 Hörgárbraut og Leira
Gunnar Berg Aðalgeirsson - Olís Dalvík
Hallveig Stefánsdóttir - Grófargil
H. Heimir Geirdal Jónasson - Nettó Glerártorgi
Jón Haraldur Lárusson - Húsasmiðjan

TIL VARA

Bára Waag Rúnarsdóttir - Hagkaup
Elín Anna Guðmundsdóttir - VÍS
Halldór Frosti Friðvinsson - Byko
María Ingunn Tryggvadóttir - Nettó Hrísalundi

Trúnaðarráð til eins árs valið af uppstillinganefnd

Helga Eymundsdóttir - Blikkrás
Kristín B. Hjaltalín - Kjarnafæði
Júlía Gunnlaugsdóttir Poulsen - Kjörbúðin Ólafsfirði
María Rut Dýrfjörð - FVSA
Sigurbjörg Gunnólfssdóttir - Primex ehf

TIL VARA

Agnes Harpa Jósavinsdóttir - Enor
Claudia Lobindzus - Icelandair Hotel Akureyri
Guðlaug Kristjánsdóttir - Klettur
Hjálmar Pálsson - Brimborg
Logi Birgisson - Bónus, Naustahverfi



Aðal og varamenn í stjórn FVSA 2021-2022. Frá vinstri; Hulda Björnsdóttir, Stefán Jónsson, Agnes Reykdal, Eiður Stefánsson, Anna Kristín Árnadóttir, Jón Grétar Rögnvaldsson, Anna María Elíasdóttir og Halldór Óli Kjartansson.

ÞING OG ÁRSFUNDIR 2021

Aðalfundur FVSA

Aðalfundur FVSA var haldinn í Alþýðuhúsinu mánudaginn 1. mars sl. Vegna samkomutakmarkana var óskað eftir því að félagsmenn myndu boða komu sína fyrirfram og sátu alls 30 manns fundinn. Fundarstjóri var Halldór Óli Kjartansson. Í fyrsta sinn var fundinum einnig streymt þannig að félagsmenn sem heima sátu gátu fylgst með dagskránni og tekið þátt í umræðum og atkvæðagreiðslu. Eiður Stefánsson, formaður FVSA, fór yfir ársskýrslu stjórnar í máli og myndum. Hermann Brynjarsson frá Enor skýrði ársreikninga félagsins og að því loknu var stjórnarkjöri lýst. Elín Anna Guðmundsdóttir fór yfir mannaþingir í stjórn og ráðum og hafði á orði að lögð hefði verið áhersla á að ná yngri félagsmönnum í trúnaðarráð.

43. þing ASÍ

Framhaldsþing ASÍ sem átti að vera 9. september 2021 var aflýst vegna covid-19.

7. þingi ASÍ-UNG

Þing ASÍ-UNG var haldið í sjöunda skipti föstudaginn 24. september. Sökum aðstæðna var þingið haldið rafrænt og allri málefnavinnu var aflýst. Á þinginu lá því aðeins fyrir að kjósa nýja stjórn. Fulltrúi FVSA var Hulda Björnsdóttir og var hún kjörin í stjórn ASÍ-UNG.

Ársfundur Stapa

Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs var haldinn miðvikudaginn 5. maí. Vegna samkomutakmarkana var fundurinn rafrænn. Félagið auglýsti eftir félagsmönnum sem greiða í Stapa til að vera

fulltrúar félagsins. Fulltrúar voru Gylfi Pálsson, Magnús V. Snædal, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir og Helgi Sveinbjörn Jóhannsson. Gylfi Pálsson og Helgi Sveinbjörn Jóhannsson mættu einnig á fulltrúaráðsfund Stapa sem haldinn var í fjarfundi miðvikudaginn 8. desember.

32. þing LÍV

Þing Landssambands íslenzkra verzlunarmanna var haldið í fjarfundi fimmtudaginn 14. október. Þetta var í fyrsta sinn sem LÍV þing fór fram í fjarfundi en stjórn LÍV tók þá ákvörðun að þingið yrði haldið á rafrænan hátt vegna covid-19. Alls voru 84 fulltrúar boðaðir á þingið, sem sent var út frá upptökuveri VR. Aðeins voru fastir dagskrárliðir þingsins teknir fyrir s.s. skýrsla stjórnar og starfsmenntasjóða, samþykkt ársreikninga LÍV og starfsmenntasjóða 2019 og 2020, ákvörðun um skatt til ASÍ og fleira. Þá var ný stjórn LÍV kjörin.

Stjórn lagði fram tillögu um að þingi yrði frestað fram á vor og er ætlunin að halda framhaldsþing á Hallormsstað dagana 24. – 25. mars 2022 og mun málefnavinna fara fram þá.

AÐALMENN Í STJÓRN 2021 - 2023

Ragnar Þór Ingólfsson, VR Formaður
Kristín María Björnsdóttir, VR deild Austurland
Eiður Stefánsson, FVSA
Guðmundur Gils Einarsson, VR deild Suðurland
Svanhildur Ó. Þórsteinsdóttir, VR
Hjörtur Geirmundsson, Vmf. Skagafjarðar
Bryndís Kjartansdóttir, VR



Frá 32. þingi LÍV. Mynd til vinstri: Eiður Stefánsson formaður FVSA og Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdarstjóri VR. Mynd til hægri: Fjola Helgadóttir starfsmaður VR

VARAMENN Í STJÓRN 2021 - 2023

Jónas Yngvi Ásgrímsson, VR
Hulda Björnsdóttir, FVSA
Bjarni Þór Sigurðsson, VR
Elva Héðinsdóttir, Framsýn stéttarfélag
Jón Steinar Brynjarsson, VR
Arnþór Sigurðsson, VR
Þórhildur Ragna Karlsdóttir, VR deild Vestmannaeyja

37. þing AN

37. þingi Alþýðusambands Norðurlands var frestað til 28. og 29. apríl 2022.

Starfsdagur trúnaðarmanna 2022

Starfsdegi trúnaðarmanna var frestað fram á haustið 2022, en trúnaðarmenn kusu átta aðalmenn og fjóra til vara í trúnaðarráð.

AÐALMENN Í TRÚNAÐARRÁÐI 2022-2023

Anna Petra L. Torbjörnsdóttir - Rúmfatalagerinn
Gestur Gunnar Björnsson - N1 Hörgárbraut og Leira
H. Heimir G Jónasson - Nettó Glerártorgi
Hallveig Stefánsdóttir - Grófargil
Logi Birgisson - Bónus Naustahverfi
Sirrý Laxdal - IcelandairHotel Akureyri
Svanhvít Pétursdóttir - Brauðgerð Kr. Jónssonar
Örn Viðar Birgisson - BYKO

VARAMENN Í TRÚNAÐARRÁÐI 2022-2023

Anna Hafdís Jóhannesdóttir - Kjörbúðin Dalvík
Guðlaug Kristjánsdóttir - Klettur
Jón Haraldur Lárusson - Húsasmiðjan
Karl Ólafur Steingrímsson - Olís Dalvík



Tölvuteiknuð mynd af sumarhúsinu í Húsafelli.

ORLOFSHÚS OG ORLOFSMÁL

Minna var af afbókunum á orlofshúsum og íbúðum árið 2021 en árið áður. Félagið bætti við sig tveggja herbergja íbúð í Mánatúni 1 sem fór í leigu haustið 2021. Einnig festi félagið kaup á sumarbústað í Húsafelli sem er í smíðum og á félagið von á að geta hafið útleigu á honum haustið 2022. Félagið á sjö íbúðir í Reykjavík og ein af þeim er leigð út sem sjúkraíbúð. Auk þess á félagið þrjú sumarhús á Illugastöðum og eitt hús í Vaglaskógi.

Sumarið 2021 var félagið með á leigu sumarbústað í Flókalundi í Vatnsfirði á Barðaströnd og á Einarstöðum á Héraði. Félagið skipti einnig við VR á húsi nr. 12 á Illugastöðum og húsi í Miðhúsaskógi í Bláskógabyggð.

Viðhaldsverkefni voru með minna móti þetta árið. Stjórn félagsins hefur ákveðið til reynslu, að leigja sjúkraíbúð félagsins út með rúmfötum frá og með mars 2022. Alls voru íbúðir og sumarhús hjá félaginu leigð út 825 sinnum á árinu 2021, en 476 sinnum á árinu 2020. Íbúðir í Mánatúni voru leigðar út 558 sinnum á árinu, bústaðir á Illugastöðum og í Skógarseli voru leigðir út 236 sinnum og leigubústaðir 31 sinni.

Félagið greiðir niður gistimiða og flugmiða um 3.000 kr. Samtals námu niðurgreiðslur á flugmiðum 696.000 kr. og á gistimiðum 324.100 kr. Á árinu voru greiddir 106 orlofsstyrkir að upphæð 26.000 kr. hver styrkur, en í heildina greiddi félagið orlofsstyrki til félagsmanna fyrir 2.692.271 kr. og 17 útilegukort að upphæð 321.300 kr.

STARFSMENNTASJÓÐUR

Alls fengu 419 félagsmenn FVSA úthlutað starfsmenntastyrk árið 2021, samtals að upphæð 35.494.673 kr. og er þetta heldur hærri styrkupphæð en árið á undan.

Styrkir úr starfsmenntasjóði

Háskólanám	15.607.278 kr.
Framhaldsnám	2.459.262 kr.
Annað nám	13.563.003 kr.
Íslenska fyrir útlendinga	712.893 kr.
Starfstengt símenntunarnám	1.556.749 kr.
Tómstundanám	1.600.488 kr.
Samtals	35.494.673 kr.

SJÚKRASJÓÐUR

Heildargreiðslur sjúkradagpeninga árið 2021 voru 35.995.827 kr., rúnum sextán milljónum minna en árið 2020 (-31,5%). Gefur það vísbendingu um að heilsufar félagsmanna sé betra milli ára, sem er ánægjulegt. Samtals voru greiddir sjúkradagpeningar til 49 einstaklinga.

Á árinu 2021 voru greiddir 1.353 styrkir til 781 félagsmanna úr sjúkrasjóði, samtals að upphæð 22.802.882 kr.

ÞJÓNUSTA

OPNUNARTÍMI

Skrifstofa félagsins er opin mánudaga til fimmtudaga frá 08:00-16:00 og föstudaga frá 08:00-13:00. Á Siglufirði reka nokkur stéttarfélög sameiginlega skrifstofu, hlutur FVSA í rekstrinum þar er 11%.

MANNAUÐUR

Starfsmenn félagsins eru sex í tæplega 5 stöðugildum;

Eiður Stefánsson, formaður
Eydís Bjarnadóttir, kjaramálafulltrúi
Helgi Jóhannsson, afgreiðsla og fasteignasjón
Kristín Þorgilsdóttir, skrifstofustjóri
María Rut Dýrfjörð, markaðs- og vefmál
Stefanía Árdís Árnadóttir



Stjórn Sjúkrasjóðs; Margrét Brynjólfssdóttir, Hafdís Pálsdóttir, Katrín Guðrún Pálsdóttir og Svanfríður Sigurðardóttir. Á myndina vantar Eið Stefánsson.

Greiðslur úr sjúkrasjóði

	2020	2021	Mismunur
Dánarbætur	0 kr.	150.000 kr.	150.000 kr.
Gler	2.026.671 kr.	2.023.679 kr.	-2.992 kr.
Krabbameinsleit	615.874 kr.	429.803 kr.	-186.071 kr.
Heyrnartæki	125.000 kr.	120.000 kr.	-5.000 kr.
Laseraðgerðir	228.000 kr.	165.000 kr.	-63.000 kr.
Líkamsrækt	10.756.027 kr.	11.178.989 kr.	422.962 kr.
Nudd utan TR	213.506 kr.	268.989 kr.	55.483 kr.
Sálfræðiþjónusta	1.682.905 kr.	1.777.432 kr.	94.527 kr.
Glasa-/tæknifrjóvgun	378.535 kr.	87.500 kr.	-291.035 kr.
Sjúkranudd/hnykk utan TR	997.096 kr.	1.269.223 kr.	272.127 kr.
Sjúkraþjálfun	4.945.988 kr.	5.195.267 kr.	249.279 kr.
Aðrir styrkir	60.000 kr.	137.000 kr.	77.000 kr.
Samtals	22.029.602 kr.	22.802.882 kr.	

FRÆÐSLA

Eitt af lykilhlutverkum félagsins er að miðla áfram upplýsingum til sinna félagsmanna. Á árinu gafst tækifæri til þess að sinna breiðu bili félagsmanna með eftirfarandi fræðsluviðburðum:

STARFSLOKANÁMSKEIÐ

Í maí bauð FVSA þeim félagsmönnum sem voru að náglast lífeyrisaldur að sækja námskeið í SÍMEY þar sem farið var yfir gagnlegar upplýsingar í tengslum við þessi tímamót. Fjallað var um lífeyrisréttindi og réttindi félagsmanna hjá FVSA. Þá voru kynningar á vegum SÍMEY, Félags eldri borgara og annað sem tengist heilsuefningu og afþreyingu.

Mikil ánægja var á meðal félagsmanna með námskeiðið, en alls mættu 34 félagsmenn í húsa-kynni SÍMEY, eða 21 kona og 13 karlar.



Frá starfslokanámskeiði í SÍMEY

FRÆÐSLA FYRIR 10. BEKK

Á haustmánuðum fóru starfsmenn FVSA í heimsókn í tíu grunnskóla á þjónustusvæði félagsins og héldu kynningar um réttindi og skyldur á vinnumarkaði fyrir 10. bekk. Tilgangurinn með heimsóknunum var að hvetja ungt fólk til þess að vera meðvitað um réttindi sín og skyldur, vera vakandi fyrir eigin hag, m.a. með því að þekkja megininntak kjarasamninga, launataxta, vinnutíma og veikinda- og orlofsrétt. Einnig að kynna þjónustu stéttarfélaganna, helstu sjóði og styrki ásamt því að hvetja krakkana til þess að leita til síns félags með spurningar.



Nemendur í Fjallabyggð tóku vel á móti starfsfólki FVSA

TRÚNAÐARMANNANÁMSKEIÐ

Á hverju ári býðst trúnaðarmönnum félagsins að sækja svokölluð trúnaðarmannanámskeið sem haldin eru af Félagsmálaskóla Alþýðu. Alls sóttu sjö trúnaðarmenn námskeið hjá skólanum.

ÖNNUR VERKEFNI

1. MAÍ

Hefðbundin hátíðarhöld í tilefni Verkalýðsdagsins voru blásin af þetta árið, en hefð er fyrir því að stéttarfélögin á svæðinu efni til kröfugöngu og kaffisamsætis fyrir félagsmenn sína þann 1. maí. Þess í stað var ákveðið að keyra herferð undir yfirskriftinni „Hvað skiptir þig máli - fögnum 1. maí“. Efni herferðarinnar var ætlað að hvetja félagsmenn til þess að íhuga sín réttindi sem eru tilkomin vegna baráttu stéttarfélaganna í gegnum tíðina.

Það voru félagsmenn stéttarfélaganna sem prýddu myndefni herferðarinnar. Birting efnisins var á öllum helstu prentmiðlum þjónustusvæðisins, í sjónvarpi hjá N4, vefsíðum og samfélagsmiðlum félaga og auglýsingasvæðum vef fréttamiðla.

Til að skapa sameiginlegan vettvang fyrir félögin var vefurinn www.verkalydsdagurinn.is settur í loftið. Ungt fólk var jafnframt hvatt til þess að taka þátt í spurningaleik á vegum stéttarfélaganna þar sem m.a. var spurt út í sögu verkalýðsbaráttunnar. Dregin voru út peningaverðlaun á meðal þeirra 306 þátttakenda sem svöruðu öllu rétt.



Vefborði úr 1. maí herferðinni, á myndinni er félagsmaður FVSA á Dalvík

SAMTAL VIÐ FÉLAGSMENN

Í október og nóvember bauð félagið upp á opið samtal við félagsmenn. Samtalstímarnir voru um klukkutími, en í hverjum samtalshóp voru um 6-8 félagsmenn. Hringt var í félagsmenn af handahófi og þeim boðið að taka þátt, auk þess sem hægt var að óska eftir skráningu í gegnum vefinn.

Alls komu 28 félagsmenn á fund við starfsfólk

félagsins. Rætt var um þjónustu FVSA, sjóði félagsins, orlofsmál, ásýnd FVSA og framtíð. Félagsmenn fengu tækifæri til þess spyrja spurninga og koma með ábendingar sem gagnast félaginu í mótun starfsins til framtíðar. Vegna covid-19 var gert hlé á verkefninu og ákvörðun um framhald verður tekin síðar.

SÆKJUM VIÐ AÐ SETTU MARKI

Í lok ársins lauk vinnu við skráningu og útgáfu á sögu FVSA árin 1930-2020. Höfundur bókarinnar er Jón Þ. Þór og viðauki eftir Braga Bergmann. Í ritnefnd sátu Erla Halls, Kristín Þorgilsdóttir, Páll H. Jónsson og Úlfhildur Rögnvaldsdóttir. Félagið kann þeim öllum bestu þakkar fyrir ómetanlegt framlag þeirra til útgáfunnar.

Í bókinni er farið yfir sögu félagsins, allt frá stofnárinu 1930 til dagsins í dag. Lýst er þeim gífurlegu áhrifum sem tækniþróunin hefur haft á störf verslunar- og skrifstofufólks og þeim miklu breytingum sem orðið hafa í verslun og viðskiptum á félagssvæðinu.

Bókin er prentuð í takmörkuðu upplagi en verður öllum aðgengileg án endurgjalds í rafrænni útgáfu og sem hljóðbók á vef félagsins.

MARKAÐSMÁL FRÉTTABRÉF OG FJÖLPÓSTUR

Mánaðarlega sendir félagið út fréttabréf til þeirra félagsmanna sem skráðir eru á póstlista auk þess sem sendur er út fjölpóstur þegar um stærri viðburði eða sérstakar fréttatilkynningar er að ræða.

Alls eru 1.390 manns á póstlista félagsins. Árið 2021 voru sendir 17 fjölpóstar. Að meðaltali opnuðu 41%, eða 570 manns, pósta frá félaginu og þar af opnuðu að meðaltali 7,7% linka í póstunum, eða 44 manns.

SAMFÉLAGSMIÐLAR

Virkni félagsins á samfélagsmiðlum hefur aukist milli ára. Áhersla hefur verið á birtingu fréttar af vefnum, lausum orlofsíbúðum og keyrslu auglýsinga á Facebook. Instagram hefur samhliða verið nýtt til að keyra auglýsingar.

FYLGJENDUR Á FACEBOOK		
2019	2020	2021
240	293	357

Kostaðar birtingar náðu alls til 20.660 manns, sem er aukning um 44,9% milli ára. Fjöldi birtinga var alls 213.000 sem er aukning um 84,4% milli ára. Efni á Facebook náði alls til 21.457 manns, sem er aukning um 216% milli ára. Efni félagsins á Instagram náði alls til 7.829 manns sem er aukning um 2.700% milli ára.

VEFUR

Vefurinn gegnir veigamiklu hlutverki í miðlun upplýsinga til félagsmanna FVSA. Leitast er við að halda vefnum uppfærðum m.t.t. breytinga á kjarasamningum, þjónustu, umsóknarfrestum og öðru sem snýr að félagsmönnum. Þar eru jafnframt birtar fréttir og tilkynningar til félagsmanna. Á árinu var áhersla lögð á að bæta myndefni á síðunni og auðvelda gestum að finna efni þess.



Dæmi um nýjan vefborða á vefnum

	Fjöldi þeirra sem heimsækja vefinn*	Fjöldi heimsóknar á vefinn**	Síðuflettingar***
2020	18.417	32.925	112.475
2021	24.116	38.450	128.050
Aukning milli ára	31%	17%	14%

*Fjöldi IP- tala sem hefur farið inn á vefinn á hverju 12 mánaða tímabili

**Fjöldi einstakra heimsóknar inn á vefinn, á bak við hverja IP tölu geta verið ein eða fleiri heimsókn

***Á bak við hverja heimsókn geta verið fleiri en ein síðufletting

ÁRSREIKNINGUR 2021

SKÝRSLA STJÓRNAR.....	15
ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA	16
ÁRITUN SKOÐUNARMANNA.....	18
YFIRLIT UM REKSTARAFKOMU OG EFNAHAG	19
REKSTRARREIKNINGUR FÉLAGSSJÓÐS	20
EFNAHAGSREIKNINGUR FÉLAGSSJÓÐS	21
REKSTRARREIKNINGUR SJÚKRASJÓÐS.....	22
EFNAHAGSREIKNINGUR SJÚKRASJÓÐS	23
REKSTRARREIKNINGUR ORLOFSSJÓÐS	24
EFNAHAGSREIKNINGUR ORLOFSSJÓÐS	25
REKSTRARREIKNINGUR VINNUDEILUSSJÓÐS.....	26
EFNAHAGSREIKNINGUR VINNUDEILUSJÓÐS	26
SAMANDREGINN REKSTRARREIKNINGUR	27
SAMANDREGINN EFNAHAGSREIKNINGUR	28
SJÓÐSSTREYMI	29
SKÝRINGAR OG SUNDURLIÐANIR	30

Skýrsla stjórnar

Megintilgangur félagsins

Félagið er stéttarfélag verslunar- og skrifstofumanna á Akureyri, Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu vestan Vaðlaheiðar.

Starfsemin á árinu

Starfsemi félagsins var með líku sniði og undanfarin ár. Í árslok voru fullgildir félagsmenn 2.470 talsins, þar af voru 381 ekki gjaldskyldir. Konur eru 60% af félagsmönnum og karlar 40%.

Laun formanns félagsins námu á árinu 2021 kr. 10,9 mkr. og laun stjórnar kr. 2,9 mkr.

Reikningsskilaaðferðir og fjárhagsstaða

Ársreikningur félagsins er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan. Samkvæmt sameinuðum rekstrar- og efnahagsreikningi nam hagnaður félagsins 46,5 mkr. og eigið fé í árslok nam 746,9 mkr.

Staðfesting ársreikningsins

Stjórn Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2021.

Akureyri, 21. febrúar 2022

Stjórn Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni

Eiður Stefánsson



Undirritað af:
Eiður Stefánsson
1812654269
Dags: 23.02.2022
Tími: 08:42:36
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 7c63e085-
accc-44f8-a635-
dd7a0bb8c624

Anna Kristín Árnadóttir



Undirritað af:
Anna Kristín Árnadóttir
1410685399
Dags: 23.02.2022
Tími: 08:43:40
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 7c63e085-
accc-44f8-a635-
dd7a0bb8c624

Anna María Elíasdóttir



Undirritað af:
Anna María Elíasdóttir
2703564359
Dags: 23.02.2022
Tími: 09:43:12
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 7c63e085-
accc-44f8-a635-
dd7a0bb8c624

Halldór Óli Kjartansson



Undirritað af:
Halldór Óli Kjartansson
0910892039
Dags: 23.02.2022
Tími: 08:48:51
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 7c63e085-
accc-44f8-a635-
dd7a0bb8c624

Jón Grétar Rögnvaldsson



Undirritað af:
Jón Grétar
Rögnvaldsson
2902607449
Dags: 23.02.2022
Tími: 09:47:23
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 7c63e085-
accc-44f8-a635-
dd7a0bb8c624

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félagsmanna í Félagi verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2021, efnahag þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð Félagi verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni. Í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni. Ef við á skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna var ákveðið að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að vika frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Akureyri, 25. febrúar 2022

Enor ehf.



Davíð Búi Halldórsson
löggiltur endurskoðandi

Áritun skoðunarmanna

Til stjórnar og félagsmanna í Félagi verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni

Við undirritaðir félagskjörnir skoðunarmenn höfum yfirfarið reikninga Félags verslunar- og skrifstofufólks, Akureyri og nágrenni reikningsárið 2021.

Við höfum ekkert við þá að athuga og leggjum til að þeir verði samþykktir.

Akureyri, 21. febrúar 2022

Einar Hjartarson

Sigurjóna Þórdís Ingvadóttir

Yfirlit um rekstrarafkomu 2021

	2021	2020
Rekstrarhagnaður (-tap) ársins		
Félagssjóður	28.067.244	27.734.707
Sjúkrasjóður	16.409.028	(5.566.512)
Orlofssjóður	(14.793.920)	(17.329.727)
Vinnudeilusjóður	3.000.000	3.000.000
	<u>32.682.352</u>	<u>7.838.468</u>
Hagnaður (-tap) ársins		
Félagssjóður	8.080.292	6.915.452
Sjúkrasjóður	22.887.596	373.461
Orlofssjóður	1.999.337	258.164
Vinnudeilusjóður	13.518.783	13.686.101
	<u>46.486.008</u>	<u>21.233.178</u>

Yfirlit um efnahag 31. desember 2021

	31.12.2021	31.12.2020
Eignir		
Félagssjóður	689.266.010	596.141.490
Sjúkrasjóður	199.650.771	176.763.175
Orlofssjóður	213.554.619	160.997.339
Vinnudeilusjóður	289.559.236	276.040.453
Kröfur milli sjóða	(591.571.498)	(504.521.552)
	<u>800.459.138</u>	<u>705.420.905</u>
Eigið fé		
Félagssjóður	161.740.516	153.660.224
Sjúkrasjóður	199.650.771	176.763.175
Orlofssjóður	95.960.788	93.390.718
Vinnudeilusjóður	289.559.236	276.040.453
	<u>746.911.311</u>	<u>699.854.570</u>
Skuldir		
Félagssjóður	527.525.494	442.481.266
Orlofssjóður	117.593.831	67.606.621
Kröfur milli sjóða	(591.571.498)	(504.521.552)
	<u>53.547.827</u>	<u>5.566.335</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>800.459.138</u>	<u>705.420.905</u>

Rekstrarreikningur ársins 2021

		2021	2020
	Skýringar		
Rekstrartekjur			
Félagsgjöld		98.841.287	91.353.946
Aðrar tekjur	2	29.610.480	27.314.318
		128.451.767	118.668.264
Rekstrargjöld			
Skattgreiðslur	3	16.615.260	16.141.890
Laun og launatengd gjöld	4	44.980.802	42.902.774
Annar rekstrarkostnaður	5	37.083.769	33.356.576
Tillög og styrkir	6	4.119.617	6.498.030
Endurgreiddur útlagður kostnaður		(7.987.015)	(12.403.906)
Afskriftir	11	5.572.090	4.438.193
		100.384.523	90.933.557
Rekstrarhagnaður		28.067.244	27.734.707
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur og innlausn verðbréfa		16.670.522	15.514.378
Vaxtagjöld og verðbætur		(16.657.474)	(16.333.633)
		13.048	(819.255)
Hagnaður af reglulegri starfsemi		28.080.292	26.915.452
Aðrar tekjur (gjöld)			
Framlag í orlofssjóð		(20.000.000)	(20.000.000)
Hagnaður ársins		8.080.292	6.915.452

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir	Skýringar	31.12.2021	31.12.2020
Fastafjármunir			
	11		
Fasteignir		182.250.227	124.697.362
Áhöld og innréttingar		3.465.065	2.971.208
		185.715.292	127.668.570
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Bundnar bankainnistæður og fjárvörslureikningar		126.441.991	122.331.321
Fastafjármunir samtals		312.157.283	249.999.891
Veltufjármunir			
Orlofssjóður		117.593.831	67.606.621
Útistandandi iðgjöld	10	11.109.470	8.950.213
Aðrar skammtímakröfur		2.497.822	2.350.048
Handbært fé		245.907.604	267.234.717
		377.108.727	346.141.599
Eignir samtals		689.266.010	596.141.490
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	12		
Hrein eign		161.740.516	153.660.224
Skammtímaskuldir			
Vinnudeilussjóður		289.559.236	276.040.453
Sjúkrasjóður		184.418.431	160.874.478
Aðrar skammtímaskuldir		53.547.827	5.566.335
		527.525.494	442.481.266
Eigið fé og skuldir samtals		689.266.010	596.141.490

Rekstrarreikningur ársins 2021

		2021	2020
	Skýringar		
Rekstrartekjur			
Iðgjöld		93.708.965	84.187.714
Rekstrargjöld			
Dagpeningar og styrkir	7	58.798.709	74.481.891
Annar rekstrarkostnaður	8	5.335.792	2.386.380
Framlag til reksturs skrifstofu		12.903.568	12.624.087
Afskriftir	11	261.868	261.868
		77.299.937	89.754.226
Rekstrarhagnaður (tap)		16.409.028	(5.566.512)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		6.478.568	5.939.973
Hagnaður ársins		22.887.596	373.461

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir	Skýringar	31.12.2021	31.12.2020
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	11		
Fasteignir		6.857.050	7.118.918
		<u>6.857.050</u>	<u>7.118.918</u>
Veltufjármunir			
Útistandandi iðgjöld	10	8.375.290	8.769.779
Félagssjóður		184.418.431	160.874.478
		<u>192.793.721</u>	<u>169.644.257</u>
Eignir samtals		<u>199.650.771</u>	<u>176.763.175</u>
Eigið fé	12		
Hrein eign		199.650.771	176.763.175
Eigið fé samtals		<u>199.650.771</u>	<u>176.763.175</u>

Rekstrarreikningur ársins 2021

		2021	2020
	Skýringar		
Rekstrartekjur			
Iðgjöld		23.382.487	21.144.812
Leigutekjur orlofshúsa		16.572.750	10.963.750
		39.955.237	32.108.562
 Rekstrargjöld			
Annar rekstrarkostnaður	9	35.914.653	31.544.004
Framlag til reksturs skrifstofu		11.466.303	10.459.507
Afskriftir	11	7.368.201	7.434.778
		54.749.157	49.438.289
 Rekstrartap		(14.793.920)	(17.329.727)
 Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		85.790	74.460
Vaxtagjöld og verðbætur		(3.292.533)	(2.486.569)
		(3.206.743)	(2.412.109)
 Tap af reglulegri starfsemi		(18.000.663)	(19.741.836)
 Aðrar tekjur (gjöld)			
Framlag úr félagssjóði		20.000.000	20.000.000
 Hagnaður ársins		1.999.337	258.164

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir	Skýringar	31.12.2021	31.12.2020
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	11		
Fasteignir		201.480.248	149.072.330
Áhöld og innréttingar		1.842.985	2.165.729
		203.323.233	151.238.059
Aðrar eignir:			
Eignarhluti í orlofsbyggðinni Illugastöðum		8.137.615	7.566.882
Fastafjármunir samtals		211.460.848	158.804.941
Veltufjármunir			
Útistandandi iðgjöld	10	2.093.771	2.192.398
Eignir samtals		213.554.619	160.997.339
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hrein eign	12	95.960.788	93.390.718
Skammtímaskuldir			
Félagssjóður		117.593.831	67.606.621
Eigið fé og skuldir samtals		213.554.619	160.997.339

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýringar	2021	2020
Rekstrartekjur			
Tillag úr félagssjóði		3.000.000	3.000.000
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		10.518.783	10.686.101
Hagnaður ársins		<u>13.518.783</u>	<u>13.686.101</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

		31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Veltufjármunir			
Félagssjóður		289.559.236	276.040.453
Eignir samtals		<u>289.559.236</u>	<u>276.040.453</u>
Eigið fé	12		
Hrein eign		289.559.236	276.040.453
Eigið fé samtals		<u>289.559.236</u>	<u>276.040.453</u>

Samandreginn rekstrarreikningur

Rekstrarreikningur ársins 2021

		2021	2020
	Skýringar		
Rekstrartekjur			
Iðgjöld		215.932.739	196.686.472
Húsaleiga		16.572.750	10.963.750
Aðrar tekjur		1.267.859	1.183.724
		233.773.348	208.833.946
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld		44.980.802	42.902.774
Dagpen., orlofsferðir, námsstyrkir ofl.v/félagsm.		62.832.380	77.251.492
Rekstur og viðhald fasteigna		26.966.162	25.810.995
Annar kostnaður		61.096.508	55.299.284
Endurgreiddur útlagður kostnaður		(7.987.015)	(12.403.906)
Afskriftir	11	13.202.159	12.134.839
		201.090.996	200.995.478
Rekstrarhagnaður		32.682.352	7.838.468
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur og innlausn verðbréfa		13.803.656	13.394.710
Hagnaður ársins		46.486.008	21.233.178

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir	Skýringar	31.12.2021	31.12.2020
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	11		
Fasteignir		390.587.525	280.888.610
Innréttingar og búnaður		5.308.050	5.136.937
		395.895.575	286.025.547
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Bundnar bankainnistæður og fjárvörslureikningar		126.441.991	122.331.321
Aðrar eignir:			
Eignarhluti í orlofsbyggðinni Illugastöðum		8.137.615	7.566.882
Fastafjármunir samtals		530.475.181	415.923.750
Veltufjármunir			
Ýmsar skammtímakröfur		2.497.822	2.350.048
Útistandandi iðgjöld	10	21.578.531	19.912.390
Handbært fé		245.907.604	267.234.717
		269.983.957	289.497.155
Eignir samtals		800.459.138	705.420.905
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hrein eign	12	746.911.311	699.854.570
Skammtímaskuldir			
Ýmsar skammtímaskuldir		53.547.827	5.566.335
Eigið fé og skuldir samtals		800.459.138	705.420.905

Sjóðstreymi ársins 2021

	Skýringar	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður ársins		46.486.008	21.233.178
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi frá rekstri:			
Afskriftir	11	13.202.159	12.134.839
		59.688.167	33.368.017
Breytingar rekstartengdra eigna- og skuldaliða:			
Skammtímakröfur		(1.813.915)	1.487.139
Skammtímaskuldir		3.900.541	(2.657.459)
		2.086.626	(1.170.320)
Handbært fé frá rekstri		61.774.793	32.197.697
Fjárfestingahreyfingar			
Breyting bundinna bankainnistæðna og fjárvörslu		(4.110.670)	(3.783.074)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	11	(78.991.236)	(1.928.455)
		(83.101.906)	(5.711.529)
Hækkun(lækkun) á handbæru fé		(21.327.113)	26.486.168
Handbært fé í ársbyrjun		267.234.717	240.748.549
Handbært fé í árslok		245.907.604	267.234.717

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Félag verslunar og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni er stéttarfélag sem starfar á grundvelli laga nr. 80/1398 um stéttarfélög og vinnudeilur, og laga félagsins frá árinu 2011. Starfsstöð félagsins er á Akureyri þar sem það rekur þjónustuskrifstofu fyrir félagsmenn.

1.1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan, að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Iðgjöld eru færð til tekna miðað við innsendar skilagreinar.

Aðrar rekstrartekjur

Söluhagnaður af varanlegum rekstrarfjármunum er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði á viðskiptadegi.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til þess að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Innbú	20%
Innréttingar og búnaður	20%-33,3%
Orlofsíbúðir og fasteign Skipagötu	2%
Orlofshús	5-10%

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Aðrar eignir

Eignarhluti í orlofsbyggðum er bókfærður sem hlutfall félagsins í eigin fé þeirra í árslok 2020.

Iðgjöld

Iðgjöld eru færð til tekna á grundvelli skilagreina sem félaginu berast frá launagreiðendum og útistandandi iðgjöld færð sem kröfur um áramót.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af sjóði og bankainnstæðum, sem eru lausar innan þriggja mánaða.

Skýringar

	2021	2020
2. Aðrar tekjur í félagssjóði		
Innheimtupóknun frá sjúkrasjóði	12.903.568	12.624.087
Innheimtupóknun frá orlofssjóði	11.466.303	10.459.507
Innh.þóknun FVSA frá Starfsmenntasj. (skýring 14)	1.267.859	1.183.724
Aðrar tekjur	3.972.750	3.047.000
	29.610.480	27.314.318
3. Skattgreiðslur í félagssjóði		
Skattur til LÍV og ASÍ	9.932.061	9.787.209
Framlag v/ 1. maí	280.000	333.600
Mótframlag félagsins í Starfsmenntasj. (skýring 14)	6.403.199	6.021.081
	16.615.260	16.141.890
4. Laun og launatengd gjöld í félagssjóði		
Laun starfsmanna	37.239.311	35.326.306
Lífeyrissjóðsmótframlag	5.000.798	4.859.413
Tryggingagjald	2.740.693	2.717.055
	44.980.802	42.902.774
5. Annar rekstrarkostnaður í félagssjóði		
Rekstur fasteigna:		
Rekstur Skipagata 14	658.431	853.756
Bílastæðagjald	118.965	173.040
	777.396	1.026.796
Orka- rekstrarvörur og félagsstarf:		
Rafmagn og hiti	69.939	60.715
Hreinlætisvörur og þrif	1.231.228	1.060.667
Bensín og bílakostnaður	1.541.125	1.524.476
Ráðstefnur, fundarhöld og kjarasamningar	9.850.946	8.936.628
Kaffi og starfsmannakostnaður	695.384	618.663
Kjörstjórn	0	371.823
Saga félagsins	4.641.904	2.990.711
Afmæli félagsins	323.290	3.128.891
Viðhald og rekstur áhalda og tækja	801.697	522.646
	19.155.513	19.215.220

Skýringar

	2021	2020
Almennur rekstarkostnaður:		
Pappír, prentun og ritföng	407.305	145.507
Póstburðargjöld	158.013	168.855
Sími	1.146.549	1.322.432
Auglýsingar	986.852	1.387.245
Námskeið stjórnar og starfsfólks	205.536	3.860
Gjafir og gestamóttaka	226.316	167.855
Rekstur tölva og tölvunets	3.072.502	2.978.524
Rekstur Siglufjarðarskrifstofu	1.086.164	1.008.581
Blöð og bækur	159.243	184.047
Fréttablað og heimasíða	1.546.671	1.766.252
Þjónustugjöld, posaleiga og innheimtukostnaður	932.799	844.338
Kostnaður v/sérfræðiþjónustu	3.527.885	2.833.610
Skoðunarmenn	125.214	127.929
Kostnaður þinga	80.500	141.400
Lögfræðikostnaður	506.039	0
Afskrifuð og niðurfærð iðgjöld	2.229.671	(301.530)
Ýmis kostnaður	360.990	335.655
	17.150.860	13.114.560
Annar rekstarkostnaður í félagssjóði samtals	37.083.769	33.356.576

6. Tillög og styrkir í félagssjóði

Námskeið fyrir félagsmenn	603.617	(156.970)
Styrkir og styrktarlínur til félagasamtaka	516.000	3.655.000
Tillag í vinnudeilusjóð	3.000.000	3.000.000
	4.119.617	6.498.030

7. Dagpeningar og styrkir sjúkrasjóðs

Sjúkradagpeningar	35.995.827	52.452.289
Dánarbætur	150.000	0
Sjúkraþjálfun og nudd	6.733.479	6.128.990
Niðurgreiðsla á líkamsrækt	11.178.989	10.756.027
Leitarstöð	429.803	615.874
Styrkir til félagsmanna	4.310.611	4.528.711
	58.798.709	74.481.891

Skýringar

	2021	2020
8. Annar rekstrarkostnaður í sjúkrasjóði		
Viðhald og rekstur Skipagata 14	329.215	426.878
Kostnaður sjúkrasjóðsfunda	723.544	823.963
Sjúkraíbúð	1.476.300	1.406.000
Úttekt á sjúkrasjóði	545.900	0
Afskrifuð og niðurfærð iðgjöld	2.248.203	(294.651)
Læknisvottorð	12.630	24.190
	5.335.792	2.386.380
9. Annar rekstrarkostnaður í orlofssjóði		
Rekstur fasteigna:		
Húsgjöld íbúða	2.726.604	3.075.520
Viðhald innbús	759.028	1.157.582
Fasteignagjöld og tryggingar	1.735.332	1.677.214
Orlofsstyrkir og niðurgreiðsla	4.033.671	2.769.601
Rekstur og viðhald orlofshúsa og íbúða	23.717.152	20.807.483
Leiga orlofshúsa	1.223.400	1.113.400
	34.195.187	30.600.800
Orka og rekstrarvörur:		
Rafmagn og hiti	265.540	239.146
Annar kostnaður:		
Tengigjöld í orlofsíbúðum	891.871	777.719
Afskrifuð og niðurfærð iðgjöld	562.055	(73.661)
	1.453.926	704.058
Samtals annar rekstrarkostnaður í orlofssjóði	35.914.653	31.544.004

Skýringar

10. Útistandandi iðgjöld

Útistandandi iðgjöld greinast þannig:	31.12.2021	31.12.2020
Útistandandi iðgjöld	24.044.676	24.752.488
Niðurfærsla	(2.466.145)	(4.840.098)
	21.578.531	19.912.390
Skipting á sjóði:		
Félagssjóður	11.109.470	8.950.213
Sjúkrasjóður	8.375.290	8.769.779
Orlofssjóður	2.093.771	2.192.398
	21.578.531	19.912.390

Niðurfærsla útistandandi iðgjalda er færð til þess að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur niðurfærslureikning, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum útistandandi iðgjöldum í efnahagsreikningi.

11. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Félagssjóður		Sjúkrasjóður		Orlofssjóður		
	Fasteignir	Áh.og innr.	Fasteignir	Fasteignir	Áh.og innr.		Samtals
Heildarv.1/1	145.656.729	12.187.601	13.093.446	270.728.144	13.648.621		455.314.541
Fjárfesting	61.700.000	1.918.812	0	59.453.375			123.072.187
Heildarverð	207.356.729	14.106.413	13.093.446	330.181.519	13.648.621		578.386.728
Afskrifað 1/1	20.959.367	9.216.393	5.974.528	121.655.814	11.482.892		169.288.994
Afskriftir	4.147.135	1.424.955	261.868	7.045.457	322.744		13.202.159
Afskrifað alls.....	25.106.502	10.641.348	6.236.396	128.701.271	11.805.636		182.491.153
Bókfært verð ...	182.250.227	3.465.065	6.857.050	201.480.248	1.842.985		395.895.575

Fasteignir eru metnar þannig í þús. króna:

	Fasteignamat	Brunabótamat	Bókfært verð
Húseignin Skipagata 14	26.186	66.830	22.871
Orlofshús Illugastöðum	46.350	88.550	5.479
Orlofshús Vaglaskógi	52.950	85.735	24.305
Íbúðir í Mánatúni	415.410	356.480	218.013
Leigulóðin Mánatúni	53.970		
	594.866	597.595	270.668

Skýringar

12. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

	Félags- sjóður	Sjúkra- sjóður	Orlofs- sjóður	Vinnudeilu- sjóður	Samtals
Eigið fé 1/1	153.660.224	176.763.175	93.390.718	276.040.453	699.854.570
Endurmat eignarhluta í orlofsbyggðum			570.733		570.733
Hagnaður ársins	8.080.292	22.887.596	1.999.337	13.518.783	46.486.008
Eigið fé 31/12	161.740.516	199.650.771	95.960.788	289.559.236	746.911.311

14. Starfsmenntasjóðir

	2021	2020
Greiðslur frá launagreiðendum	25.864.150	23.685.157
Mótframlag FVSA	6.403.199	6.021.081
Samtals inngreiðslur	32.267.349	29.706.238
 Innheimtupóknun FVSA	 1.267.859	 1.183.724
Upphæð styrkja til félaga FVSA	35.494.673	29.324.746

ÁRSSKÝRSLA 2021

FÉLAG VERSLUNAR OG SKRIFSTOFUFÓLKS AKUREYRI OG NÁGRENNI
Skipagata 14 - 600 Akureyri - fvsa@fvsa.is - s: 455-1050

www.fvsa.is